

Dalvíkurbyggð  
Helga Íris Ingólfssdóttir  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

Reykjavík, 9. júní 2022  
UST202205-087/A.B.  
10.04.00

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Dalvíkubbyggðar 2008 - 2020 og nýtt deiliskipulag - Hauganes**

Vísað er til erindis skipulags- og tæknifulltrúa Dalvíkurbyggðar er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020 vegna breyttrar landnotkunar á Hauganesi.

Í greinargerð kemur fram að unnið er að deiliskipulagi fyrir þéttbýlið á Hauganesi og að breyta þurfi afmörkun og skilgreiningu landnotkunarreita þar sem m.a. hafnarsvæði er stækkað lítillega, opið svæði 754-O minnkað, skilgreindur er lítill reitur fyrir verslun og þjónustu og íbúðarsvæði 753-Íb er fellt út, en í staðinn skilgreindur afþreyingar- og ferðamannareitur 753-AF. Auk þess er svæði 755 – Íb breytt lítillega, afmarkað er svæði fyrir skólpdælustöð innan hafnarsvæðis og skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði 756 - V

**Vistgerðir**

Umhverfisstofnun bendir á að á norðurhluta svæðis 753-AF er að finna vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi, þ.e. starungsmýravist og snarrótarvist, sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Stofnunin bendir á að í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps en lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Nú þegar hefur vistgerðum með hátt verndargildi verið raskað á suðurhluta reitsins en stofnunin bendir á mikilvægi þess að litið sé til verndargilda vistgerða á svæðinu þegar ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*